

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1	Áfangaheiti BYB 301 Kennsluáætlun 5.önn vor 2011	

Kennari	Stefán Bjarnhéðinsson	Sk.st.	SBH
----------------	-----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið yfir ýmsar aðferðir til að mæla burðarvirki og undirvagn ökutækja. Skoðaðar vinnuaðferðir við skipti á yfirbyggingahlutum. Æfingar í viðgerðum á hurðum og búnaði þeirra.

Markmið:

Nemandi þekki: Aðferðir til að meta ástand burðarvirkis og yfirbyggingar og kröfur til burðarvirkis í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Nemandi geti: Lýst mælingu burðarvirkis, sérstaklega vegna hjólfestinga, stýris- og fjöðrunarbúnaðar. Skipt um og gert við rúðuvindur, skrár og lamir hurða, skipt um hurðir og lok, svo sem vélarhlíf og lok á farangursgeymslu.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004
Myndbönd um námsefnið valin af kennara.

Áætlun um yfirferð:

Farið er yfir byggingar efni bílsins og mismunandi gerðir burðarvirkja (sjálfberandi boddý og grindar berandi boddý, farið er yfir stál tegundir í bílnum og hvað er hægt að rétta og hvað ekki .

Bílhurðir eru teknar af bíl og í sundur, settar saman, aftur og stilltar á bílinn, tveir nemendur eru saman með eina hurð.

Nemendum kennt að mæla bíl bæði í réttingarbekk og á einfaldan hátt með málbandi til að geta tekið ákvörðun um framhald viðgerðar.

Myndbönd sem sýna árekstur sýnd og farið yfir mun á grindar bíl og sjálfberandi boddýi , hvað árekstur varðar og þróun bílaframleiðanda með hæð á krumpusvæði , farið er bóklega yfir reglugerð um burðarvirki. Fjallað um styrkleikamissi burðarvirkis við aflögun eða tæringu.

Verkefni:

Nemendur vinna verkleg verkefni, spenna bíl í réttingarbekk ,mæla bíl ,hurðir af/á og í sundur /saman .
Bókleg verkefni eru burðarþols verkefni og lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 40%. Verkefni 40%. Mat 20%.

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilin er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils